

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Hellnaholt, Fossnes.

Deiliskipulagið tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar fyrir Hellnaholt L226725 úr landi Fossness. Samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2020.

Deiliskipulag, Sultartangavirkjun, L191624.

Deiliskipulagið nær til þiggja sveitarfélaga, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra, og tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Markmið deiliskipulagsins er að staðfesta núverandi landnotkun, auk þess sem unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og settir fram skilmálar í tengslum við hana. Aðkoma að Sultartangastöð er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg af honum. Samþykkt í sveitarstjórn 13. janúar 2021.

Deiliskipulag, Stöng og Gjáin í Þjórsárdal.

Deiliskipulagið tekur til svæðis Stangar og Gjáinnar í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið er í tvennu lagi, annars vegar Stöng og nágrenni og hins vegar Gjáin. Fyrirhugað er að stækka núverandi hús, sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins. Sunnan Rauðár hafa verið útbúin bílastæði, gerð göngu-brú yfir Rauða, áningarstaður norðan hennar og stígur fyrir hreyfihamlaða að Stangarbænum. Salernishús og geymsla verða byggð við bílastæðið.

Deiliskipulag fyrir Gjána gerir ráð fyrir stíg fyrir hreyfihamlaða frá Stöng að Gjánni. Gerð verður hringleið um Gjána með brúm yfir ár og læki ásamt útsýnispöllum/áningarstöðum. Einnig tröppu-stíg niður í Gjána að austanverðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. mars 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.